

Glósur úr umræðum

Janúarráðstefna

Festu 2023

Lítum inn á við

Sjálfbærniupplýsingagjöf

Aðalheiður Snæbjarnardóttir auðveldari (e. facilitator)

„Það er enginn of lítill til að vera ekki að spá í þessu.“

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir hjá Landsvirkjun

„Ekki gera ekki neitt, haltu áfram að hlaupa.“

Sveinn Margeirsson hjá Brim

Sjálfbærniupplýsingagjöf þarf að byggja á gagnsæi og sannindum. Annað mun koma í bakið á fyrirtækjum. Best að leggja allt á borðið. Það má heldur ekki gleyma að það er aðgöngumiði á markaði í dag að veita sjálfbærniupplýsingar.

Sjálfbærniupplýsingagjöf byrjar á mikilvægisgreiningu: hvað erum við að gera? Út á hvað gengur starfsemi? Hér lítum við ekki bara til loftslagsbreytinga – sjálfbærni er mun fjölpættari. Byrjum einfalt, t.d. á því að lesa rafmagnsreikninginn. Hvernig er hægt að gera betur og nýta þar. Kortleggjum losun og skoðum kosti eins og Science Based Target, sem er vísindaleg aðferðarfræði til að ná loftslagsmarkmiðum.

Til eru lausnir sem aflu upplýsingum sjálfvirkt en lykilþættirnir eru oftast eldsneyti, raforka og aðfangakeðja. Flest geta byrjað sjálf í excel.

Hægt er að setja sér markmið eins og í hlaupum – yfir ákveðinn tíma, skipta markmiðum niður á tímabil og endurskoða ef þau eru ekki að nást.

Lög og reglur

Tómas N. Möller auðveldari (e. facilitator)

„Öll fyrirtæki þurfa að vera með þetta algjörlega á hreinu.“

Þorsteinn Kári Jónsson hjá Marel

Komandi lög og reglur bætast ofan á þau lög sem eru nú þegar í gildi og eiga við íslensk fyrirtæki sem eru með starfsemi í Evrópu. Ná fyrst til stærri fyrirtækja en mun ná til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á næstu árum. Mörg fyrirtæki á Íslandi eru nú þegar farin af stað.

Við sjáum aukalag í lánaþjárfestingum og stökkbreytingu í grænum skuldabréfum í bönkum.

Hvatakerfi vantar. Mikil gerjun er að eiga sér stað í lausnum en stjórnvöld þurfa að spíta í lófana þegar kemur að grænum hvötum.

Spurningar vöknudu meðal annars varðandi hlutverk bankanna er horft er til lána til fyrirtækja, auk hlutverks ríkisins varðandi komandi lagabreytingar.

Sjálfbær nýsköpun og hringrás

Margrét Ormslev auðveldari (e. facilitator)

„Þó við sönnum eitthvað á Íslandi þá verðum við að fara með hugmyndirnar okkar út í heim.“

Stefanía G. Halldórsdóttir hjá Eyri

„Sprotafyrirtæki þurfa ekki bara pening heldur líka kúnna og viðskiptasambönd.“

Kristín Soffía hjá KLAKE

Nýsköpunarfyrirtæki sem hanna lausnir sem styðja við sjálfbærni og hringrás og eru að stíga sín fyrstu skref standa frammi fyrir allskonar áskorunum sem voru ræddar:

- Oft þarf að smíða nýja lausn frá grunni. Það vantar staðlaðar lausnir og platform.
- Sprotafyrirtæki óttast stundum að í samstarfi, muni stóru fyrirtækin taka yfir verkefnið.
- Sprotafyrirtæki hafa einnig takmarkaðan mannafla. Mikilvægt að styðja vel við þau. Það þarf að vera hægt að bjóða hærri styrki til sérfræðinga sem eru reyndari í sínum störfum sem geta stutt við sprotafyrirtæki.
- Peningar eru mikilvægir svo hægt sé að prufa sig áfram, en þeir eru ekki allt – það þurfa að vera viðskiptavinir.

Nýsköpun innan stórra fyrirtækja var líka rædd – fleiri stór fyrirtæki þurfa að auka við þessar áherslur og styðja við start-up nýsköpunarfyrirtæki.

Dæmi um stór fyrirtæki sem leggja áherslu á nýsköpun er Landsvirkjun og HS Orka.

Regluumhverfið á Íslandi – er það hagstætt? Það er mikilvægt að það sé stuðningur við sprotafyrirtæki og að regluverkið sé einfalt svo auðveldara sé að byrja. Það þarf að auka fjármagn og trúna því að sjálfbær nýsköpun skili sér til baka í samfélagið.

Það eru meiri auðæfi í umhverfinu en við gerum okkur grein fyrir. Það vantar hvata til að útfæra þessi viðskipti.

Panelumræður

Friðrik R. Jónsson
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Tómas N. Möller
Aðalheiður Snæbjarnardóttir
Margrét Ormslev

Umræða um græna hvata, var áberandi meðal fólks. Hvata fyrir sjálfbæra nýsköpun, fyrir stór og minni fyrirtæki til að taka skrefin og hvata fyrir hringrásarkerfið.

Þurfum að auka veruleg áherslur á verk- og iðnnám því þar eru greinar sem hafa gífurleg áhrif á sjálfbærni á Íslandi.

Óvissa ýtir undir svartsýni. Því er mikilvægt að lög og umhverfi til reksturs séu skýr og markviss.

Það þarf að útfæra markaðsmeganisma sem verðleggur áhrif á náttúru.

Umræðustjórar tóku saman helstu punkta úr sínum herbergjum.

Sjálfbærniupplýsingagjöf

Mikilvægisgreiningar standa uppúr hér. Ákveða hverju á að miðla og hvað skiptir raunverulega máli. Mikilvægt að leggja áherslu á gagnsæi, heiðarleika og trúverðugleika.

Sjálfbær nýsköpun og hringrás

Mjög margt í gangi – en til þess að við séum sjálfbær þá þurfa hlutirnir að ganga upp til lengri tíma og þá þarf að huga að sterku regluverki sem er fyrirsjáanlegt til lengri tíma. Hvatar þurfa að vera til staðar á grænar vörur.

Tómas

Samtalið er rétt að byrja en umhverfið er að breytast mjög hratt.

„Margir að vinna að góðum hlutum og framtíðin er björt, við þurfum öll að standa saman.“

Friðrik R. Jónsson, verkfræðingur, uppfinningamaður og aðalfyrirlesari
Janúarráðstefnunnar

„Við þurfum að hafa hjarta og eldmóð til að vinna að breytingum.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Útgefið efni í tengslum við Janúarráðstefnu Festu 2023

[Hér má nálgast *vegvísir* sem var gefinn út á Janúarráðstefnunni - lög og reglur Evrópusambandsins um sjálfbærni.](#)

[Hér er aðgengilegt skjal um sjálfbærniupplýsingagjöf sem má lýsa sem „*byrjunarpunkt*“ fyrir fyrirtæki sem vilja huga að sjálfbærniupplýsingagjöf.](#)

[Hér má nálgast niðurstöður könnunar sem Festa og Deloitte gerðu meðal stjórnenda aðildarféлага Festu.](#)